

Mott	Reykjanesbær AÖG 13.05.2019
Lykill	12.02
Málsnr.	2019051609
Ábm.	GHS



REYKJANESBÆR

Bæjarráð Reykjanesbæjar
Hr. Friðjón Einarsson formaður
Tjarnargötu 12
230 Reykjanesbæ

Reykjanesbæ 08.05.2019

Varðar: Garðyrkjudeildin 2019

Nú er búið að loka fyrir umsóknir í Garðyrkjudeild umhverfismiðstöðvar og bárust nokkuð fleiri umsóknir en gert var ráð fyrir. Kann að vera að það sé erfiðara fyrir skólafólk að fá sumurvinnu eftir fall WOW og áhrifa því tengt.


Í upphafi gerðum við ráð fyrir **15 manns** 17 ára en fengum **34 umsóknir**, en í **18+ ára** gerðum við ráð fyrir **5 manns** en fengum **19 umsóknir**. Hér eru því 33 stöðugildi umfram það sem gert er ráð fyrir í fjárhagsáætlun. Við á umhverfissviði höfum mikla þörf fyrir vinnandi hendur í ört stækkandi sveitarfélagi og í ljósi stöðunnar óskum því eftir því að engum verði vísað frá þegar sótt er um í Garðyrkjudeildina þetta árið og fjármagni bætt í þennan málaflokk.

Á móti kemur að það virðist vera heldur færri umsóknir í vinnuskólann 8, 9 og 10 bekk og því eru útgjöld minni sem því nemur.

Svona lítur þetta út í tölum:

Hópur	Upphafleg áætlun	Kostnaður:	Viðbót	Viðb. kostn
8-10 bekkur	330-400 manns	46-56.500.000	0	Möguleg hækkun
17 ára	15 manns	4.000.000	19	5.070.045
18+ára	5	1.700.000	14	4.553.801
Viðbótarflokkstjórar			3	3.120.000
Annar kostnaður v. verkefna				2.000.000
			Samtals viðbót:	14.743.846 (15.000.000)

Virðingarfyllst


Guðlaugur H. Sigurjónsson
Sviðsstjóri Umhverfissviðs

Dreifing :
Kjartan Már Kjartansson
Bæjarstjóri Reykjanesbæjar